



Áveitan

12. tbl. 16. árgangur. Desember 2022

Skötuveisla Umf. Þjótanda

Á Þorláksmessu mun Ungmennafélagið Þjótandi leggja sitt af mörkum við að dreifa skötuilmi um sveitarfélagið. Þá býður félagið til sinnar rómuðu skötuveislu, að þessu sinni í félagsheimilinu Þingborg.

Borðhald hefst kl 12:00 og boðið verður uppá gæða skötu og saltfisk ásamt tilheyrandi meðlæti. Kaffi og konfekt innifalið í miðaverði að venju.

Verðskráin er þessi:

Fullorðnir 3000 kr.

Börn 6-12 ára 500kr.

Yngri börn fá frítt.

Allir eru hjartanlega velkomnir á þessa góðu fjáröflunarsamkomu félagsins þar sem hægt er að fá smá frí frá jólastressinu og snæða góðan mat með sveitungum og vinum.



Ungmennafélagið Þjótandi



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú er desembermánuður runninn upp með öllu sem honum fylgir. Þó að veðráttan sýni ekki augljóslega að jólahátíðin sé að nálgast þá sýnir dagatalið okkur það.



Í desember er gott að minna sig á eldvarnir heimilisins enda meira um logandi kerti og ljós í gluggum. Sveitarfélagið Flóahreppur er aðili að Brunavörnum Árnessýslu en hluti af Brunavörnum Árnessýslu er Slökkvitækjapjónustu Suðurlands ehf. Slökkvitækjapjónustan þjónustar lögbýli í sveitarfélaginu en þjónustan felst í því að íbúar í dreifbýli Árnessýslu geta komið með slökkvitækin sín þar sem starfsmaður yfirfer það eða skiptir þeim út og afhendir rafhlöður í reykskynjara þeim að kostnaðarlausu. Hjá Slökkvitækjapjónustunni er einnig hægt að kaupa slökkvitæki og reykskynjara. Aðsetur þjónustunnar er í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og vil ég hvetja íbúa til að nýta sér þessa þjónustu.

Gengið hefur verið frá verksamningi við Hellisbúið ehf. um snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi 2022-2025. Vegagerðin sér um mokstur 4 daga vikunnar á Villingaholtsvegi frá Þjóðvegi 1 að Flóaskóla og á Gaulverjabæjarvegi frá hringtorgi að Félagslundu. Urriðafossvegur er mokaður af Vegagerðinni 2 daga í viku. Skv. verksamningi og útboðsgögnum skal markmið snjómoksturs vera að opna leiðir fyrir kl. 7:00 að morgni þá daga sem mokað er og er megin markmiðið að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til og frá vinnu. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í för. Það er mikilvægt að íbúar sýni mokstursaðilum góða samvinnu og gæti að því að ekki sé

fyrirstaða í mokstursleið eins og tæki, vélar, hlutir eða annað sem gætu heft för moksturstækja eða valdið tjóni. Það er því á ábyrgð íbúa að tryggja að aðstæður fyrir mokstursvélar séu eins og best verður á kosið. Vert er að benda á að það er ekki hlutverk moksturstækja á vegum sveitarfélagsins að moka plön eða að moka frá sorptunnum við húsnæði heldur ber hver og einn íbúi ábyrgð á því.

Ef af einhverjum ástæðum er óskað eftir því að ekki sé mokað að heimili skal koma þeim upplýsingum til skrifstofu Flóahrepps. Það sama á við ef um er að ræða kvartanir eða ábendingar vegna moksturs. Fyrirtæki og eigendur frístundahúsa geta samið við mokstursaðila en mokstur skv. samningi við sveitarfélagið gengur fyrir þeim mokstri.

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar fyrir 2023-2026 fór fram miðvikudaginn 30. nóvember. Seinni umræða fer fram 15. desember. Sveitarstjórn hefur setið nokkra vinnufundi vegna fjárhagsáætlunargerðar og stjórnendur og starfsmenn stofnanna sveitarfélagsins hafa komið inn á vinnufundi vegna þeirrar vinnu.

Nú hefur Ungmennafélagið Þjótandi lokið við að keyra út nýjar sorptunnur ásamt því að dreifa merkingum og leiðbeiningum til íbúa vegna flokkunar. Ef íbúar hafa ekki fengið nýja tunnu eða vantar merkingar þá bið ég ykkur um að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps og við kippum því í liðinn.

Ungmennafélaginu eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra vinnu við dreifingu nýju ílátanna og merkinga.

Að lokum vona ég að íbúar Flóahrepps eigi góða og notalega aðventu í faðmi fjölskyldu og vina. Munum að hugsa til þeirra sem eiga um sárt að binda eða lifa við erfiðleika eða bág kjör. Þetta er tími kærleika og hugulsemi við náungann. Það er gott að minna sig reglulega á það.

Sveitarstjórn Flóahrepps og starfsmenn á skrifstofu óska íbúum í Flóahreppi og lesendum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með kærri þökk fyrir árið sem er að líða.

Jólakveðja,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Þorrablót Villingaholtshrepps „hins forna“

Verður haldið í Félagslundi laugardaginn

18. febrúar 2023

Nánar auglýst síðar þegar nær dregur, takið daginn frá.
Kveðja, nefndin



Áríðandi tilkynning!

Hamarssamtökin við Stefánsstræti 7b tilkynna:

Hið langþráða Þorrablót Gaulverja verður haldið þann 11. febrúar 2023 í Félagslundi.

Takið kvöldið frá.

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Jólaball Kvenfélaganna í Flóahreppi

Kvenfélögin í Flóahreppi halda sameiginlegt jólaball fyrir börnin í hreppnum og þeirra gesti í Félagslundi 28. desember.

Húsið opnar kl. 13.30 og ballið hefst kl. 14.00.

Það verður spilað og sungið og svo er aldrei að vita nema jólasveinar kíki við og gleðji unga sem aldna. Gestir eru beðnir um að koma með bakkelsi á sameiginlegt hlaðborð.

Aðgangseyrir er 1000kr fyrir 6 ára og eldri. Þó borgar hvert heimili ekki meira en 3000kr fyrir aðgang á jólaballið. Athugið að ekki er posi á staðnum.

Klukkan 19:30 28. desember verður svo spiluð félagsvist í Félagslundi.

Kærar jólakveðjur til allra sveitunga,
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Villingaholtshrepps
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps



Frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps

„Sóun er ekki lengur í tísku. Notað og nytsamlegt er það hinsvegar.

Verslum í heimabyggð. Njótum aðventunar.“



Fréttir frá Flóaskóla

Nóvembermánuður hefur verið viðburðaríkur hér hjá okkur í Flóaskóla. Skólalóðin okkar heldur áfram að taka á sig nýja mynd og nú hafa verið settar upp fjórar nýjar körfur á körfuboltavöllinn. Þannavöllurinn var einnig staðsettur á nýjum stað og settar mottur undir hann. Þá fékk Flóaskóli góða gjöf frá Vélsmiðju Ingvars Guðna, en hann gaf fimm frísbíkörfur sem nú hafa verið settar upp. Við þökkum Ingvari Guðna kærlega fyrir þessa góðu gjöf og verður völlurinn vígður við fyrsta tækifæri.



Í byrjun mánaðar fór hópur nemenda 6.-9. bekk til Reykjavíkur og spilaði á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu.

Þar spiluðu nemendur á heimasmiðuð langspil og sungu ásamt Eyjólfí Eyjólfssyni og Ragnheiði Gröndal.

Tónleikarnir voru hluti af barnamenningaratriði lokadags Óperudaga. Langspilsverkefnið í Flóaskóla hófst veturinn

2018-2019 og var hluti af meistaraverkefni Eyjólfis í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Verkefnið hefur sprottið og hafa fjórir árgangar við skólann smíðað langspil ásamt Eyjólfí og nú síðast í samstarfi við Fab Lab á Selfossi. Fab Lab- langspilið tvinnar saman baðstofumeningu gamla bændasamfélagsins og nýjustu tækni á sviði stafrænnar framleiðslu. Tónleikarnir gengu mjög vel og voru nemendur sælir með tækifærið að fá að stíga á stökk með hljóðfærin sín á stóra sviðinu í Hörpu.



Þriðjudaginn 8. nóvember var baráttudagur gegn einelti. Á þeim degi voru haldnir vinaleikar í annað sinn. Þann dag hittust vinabekkir og fóru á mismunandi stöðvar fyrir hádegi. 1. og 6. bekkur spiluðu allskonar spil saman, 2. og 7. bekkur bökuðu smákökur, 3. og 8. bekkur fóru í ratleik, 4. og 9. bekkur leystu

þrautir og 5. og 10. bekkur spiluðu félagsvist. Eftir hádegið fóru vinabekkir á milli mismunandi leikjastöðva sem voru staðsettar bæði inni og úti.

Fulltrúar Flóaskóla, þær Ásdís Eva, Júlía Kolka, Svandís og Þórunn Eva, tóku þátt í Eftirréttakeppni grunnskólana 2022 sem haldin var í samstarfi við Klúbb matreiðslumeistara og IÐUNA fræðslusetur. Þær gerðu sér lítið fyrir og sigruðu keppnina þar sem þær fengu auka stig fyrir samvinnu og frumleika. Þær sýndu mikinn



metnað við undirbúning keppninnar og liggur mikil vinna að baki. Margar vikur fóru í æfingar og framsetningu réttanna undir góðri leiðsögn Iðunnar Ýrar heimilisfræðikennara. Þær báru fram skyrköku með kanilbotni og karamelluseruðum kókos, panna cotta með hvítu súkkulaði og kartöflukanilköku með rjómaostakremi, en kartöflurnar tóku þær með sér úr Flóanum. Glæsilegur árangur sem við erum stolt af. *Uppskrift af kartöflukanilkökunni má sjá á næstu síðu.*

Í mánuðnum fékk Flóaskóli viðurkenningaskírteini UNESCO-skóla og er formlega orðinn 15. UNESCO-skóli landsins. Markmið UNESCO-skóla er að bjóða upp á fjölbreyttari og aðgengilegri miðlun um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Efla þekkingu og færni ungs fólks til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, sbr. heimsmarkmið 4.7. Aukið framboð upplýsinga um Sameinuðu þjóðirnar og þróunarsamvinnu. Einnig hefur UNESCO starfrækt samstarfsnet skóla á alþjóðavísu frá árinu 1953 og er það góð viðbót við það þverfaglega og fjölbreytta starf sem að Flóaskóli vinnur að. Við í Flóaskóla erum afar ánægð af því að vera orðin hluti af þessu stóra og mikilvæga tengslaneti.



Með kveðju frá Flóaskóla

Kartöflukanilkaka með rjómaostakremi

Úr eftirréttakeppni grunnskólana

4 egg

100g sykur

100g púðursykur

1 tsk vanilla

300g rifnar hráar kartöflur

(rauðar ísl.)

240g hveiti

2 tsk matarsódi

½ tsk salt

½ msk kanill

½ msk brúnkökukrydd

2 ½ dl matarolía

Krem:

400g rjómaostur

½ dós sýrður rjómi

80 g flórsykur

1 tsk. vanillusykur



Aðferð: Þeytið saman egg, sykur, púðursykur og vanilludropa í hrærivél þar til blandan verður létt og ljós. Rífið kartöflurnar og blandið saman við, sigtið saman hveiti, matarsóda, salt, kanil, brúnkökukrydd og látið úti ásamt matarolíu. Bakað í 2 smurðum formum við 175° í ½ klst.

Krem: Hrærið rjómaostinn í hrærivél þar til hann er mjúkur og sléttur. Hrærið sýrðan rjóma úti ásamt flórsykri og vanillusykri. Hrærið þar til kremið verður létt. Setjið kremið á milli botnana og ofan á kökuna, eða berið fram með kökunni.

Fróðleikur: Þessi kaka er mjög mjúk og er góð í viku frá því hún er gerð. Gott er að hafa ýmist hindber, jarðarber, bláber, kókosflögur eða ristaðar hnetuflögur ofan á henni.

Sérstakar þakkir fá Kristján og Anna, Forsæti 4 fyrir einstaklega góðar kartöflur, Ólafur í Forsæti 5 fyrir fallega trébakka undir kökurnar og Petra Vijn stuðningsfulltrúi í Flóaskóla fyrir faglega ráðgjöf fyrir keppnina.

Fréttatilkynning frá Jólasveinum

Við bræðurnir verðum á ferð um Flóahrepp eins og alltaf á Þorláksmessu og aðfangadag. Við erum búnir að ráða almannatengslafulltrúa sem er hún Guðmunda Bríet frá Hrygg, hún ætlar að taka við pöntunum fyrir okkur. Síminn hjá henni er 787-2806, pantið heimsókn hjá henni í síðasta lagi 18. desember.

Einnig veitir hún nánari upplýsingar um fyrirkomulag. Guðmunda Bríet verður svo í Þingborg 18. desember, við bakninganginn, milli kl 17:30 og 19:00 og tekur við greiðslum og sendingum til káttra krakka. Verð er 1000 kr á hverja heimsókn.

Jólakveðja, Jólasveinarnir!!



Úrslit af Meistaramóti Þjótanda á skák

Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í Flóaskóla 13. nóvember. 10 hressir keppendur mættu til leiks og kepptu í Opnum flokki og Meistaraflokki. Milli umferða var boðið upp á hressingu, og góð stemmning myndaðist á mótinu. Margar spennandi skákir voru tefldar og réðust úrslit ekki fyrr en í lokaumferðinni.

Stjórn Þjótanda sendir sérstakar þakkir til Árna Geirs Hilmarssonar skákkennara í Flóaskóla sem kom að undirbúningi og framkvæmd mótsins, og einnig til Guðmundar Jónassonar á Hellu sem var mótsstjóri. Hér koma úrslit mótsins:

Opinn flokkur:

- | | |
|--------------------------------|-------------|
| 1. Hrafnkell Hilmar Sigmarsson | 3 vinningar |
| 2. Garðar Þór Jónsson | 2 vinningar |
| 3. Styrkár Birgisson | 1 vinningur |
| 4. Ernir Sigvaldason | 0 vinningar |

Meistaraflokkur:

- | | |
|------------------------------|-------------|
| 1. Þórbergur Hrafn Ólafsson | 4 vinningar |
| 2. Sigurjón Óli Ágústsson | 3 vinningar |
| 3. Sigurjón Reynisson | 3 vinningar |
| 4. Árni Geir Hilmarsson | 2 vinningar |
| 5. Örvar Rafn Hlíðdal | 2 vinningar |
| 6. Guðbergur Davíð Ágústsson | 1 vinningur |



Úrslit af íþróttamótum

Þjótandi átti tvo keppendur á Gaflaranum í Hafnarfirði 5. nóvember. Þeim gekk vel og bættu árangur sinn í öllum greinum:

Kristján Reynisson	60 m hlaup	10,57 sek	12. sæti
	Langstökk	3,67 m	3. Sæti
Helgi Reynisson	60 m hlaup	8,85 sek	4. Sæti
	400 m hlaup	65,01 sek	3. Sæti
	Hástökk	1,50 m	3. Sæti
	Kúluvarp	7,41 m	3. Sæti

19. nóvember kepptu strákarnir svo á Silfurleikum ÍR í Laugardalshöll. Árangur þeirra varð þessi:

Kristján Reynisson	60 m hlaup	10,86 sek	32. Sæti
	600 m hlaup	2:20,41 mín	17. Sæti
	Kúluvarp	6,07 m	13. Sæti
	Langstökk	3,56 m	11. Sæti
Helgi Reynisson	60 m hlaup	8,82 sek	8. Sæti
	200 m hlaup	29,02 sek	5. Sæti
	60 m grind	12,12 sek	4. Sæti
	Hástökk	1,50 m	4. Sæti
	Þristökk	10,53 m	3. Sæti

Tekjur Þjótanda eftir Unglingalandsmót

Nú er lokauppgjör eftir Unglingalandsmótið í sumar orðið opinbert. Um 12-15 manns störfuðu á mótinu í nafni Þjótanda og skilaði það félaginu okkar 230.685 krónum! Stjórnin sendir öllu þessu góða fólki kærar kveðjur. Það sýnir sig á þessu hvað sjálfboðaliðastarf í ungmennafélagshreyfingunni er mikilvægt. Án sjálfboðaliða hefði ungingalandsmótið aldrei verið framkvæmt, og með ágóðanum getum við í Þjótanda haldið áfram að bjóða upp á fjölbreytt heilsu- og félagseflandi starf sem kostar þáttakendur lítið eða ekkert.

Áfram Þjótandi!

Helgihald á aðventu og um jól í Villingaholtskirkju, Hraungerðiskirkju og Laugardælakirkju.

4. desember kl. 20.00

Aðventusamvera verður haldin í Hraungerðiskirkju annan sunnudag í aðventu, sunnudagskvöldið 4. desember kl. 20.00. Ræðumaður verður Bjarni Stefánsson í Túni. Prestur sr. Arnaldur Bárðarson, Guðmundur Eiríksson organisti og kór Hraungerðis- og Villingaholts-sókna syngur. Aðventusamveran er sameiginleg fyrir Villingaholts-Laugardæla- og Hraungerðissóknir.

25. desember kl. 11.00

Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju á jóladag kl.11.00. Sungin hátíðarsvör sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Arnaldur Bárðarson, Guðmundur Eiríksson organisti og kirkjukórinn leiðir söng

25. desember kl. 13.00

Hátíðarguðspjónusta í Laugardælakirkju á jóladag kl 13.00. Prestur sr. Arnaldur Bárðarson, Guðmundur Eiríksson organisti.

26. desember kl.11.00

Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju á öðrum degi jóla, kl. 11.00. Sungin hátíðarsvör sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík, organisti Guðmundur Eiríksson, kirkjukórinn leiðir söng.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum okkar í desember. Guð gefi ykkur öllum gleðilega aðventu- og jólahátíð, góða og notalega samveru um jólahátíðina með ykkar besta fólki.

F.h. sóknarnefndanna, Sólveig Þórðardóttir formaður sóknarnefndar Villingaholtskirkju

Frá ritnefnd

Um leið og ritnefnd Áveitunnar sendir ykkur öllum bestu óskir um gleðilega jólahátíð, þá minnum við á að hægt er að skrá sig á netfangalista Áveitunnar og fá blaðið sent í tölvupósti um leið og það kemur út. Ef þið óskið eftir að skrá ykkur á listann hafið samband við ábyrgðarmenn blaðsins: Hallfríður Ósk halla@floahreppur.is og Oddný Ása oddnyasa@floaskoli.is.

Dansnámskeið

Ungmennafélagið Þjótandi og Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi stóðu í haust fyrir dansnámskeiði í sveitarfélaginu. Um var að ræða 5 skipta námskeið sem hentaði bæði fyrir byrjendur en einnig þá sem vildi rifja upp gamla takta.

Skemmst er frá því að segja að þátttaka var mjög góð en yfir 20 þör mættu á námskeiðið og höfðu gagn og gaman af.

Ákveðið hefur verið að vera með framhaldsnámskeið eftir áramót til að fínþússa sporin vel fyrir þorablótin og byrja um miðjan janúar.

Framhaldsnámskeiðið verður auglýst betur þegar nær dregur.



Jólabingó

Fimmtudaginn 15. desember í Þjórsárverri
Húsið opnar kl 18:30 - Bingó hefst stundvíslega kl 19:00
Glæsilegri vinningar
Spjaldið kostar 500 kr. *

Hlökkum til að sjá ykkur
10. bekkur Flóaskóla

*ekki greiðsluposi á staðnum

Fréttir af starfi kvenfélags Villingaholtshrepps

Eftir óhefðbundna tíma er starfið loksins að komast af krafti af stað aftur. Töluvert hefur verið um fjölbreyttar fjáraflanir og búið að halda aðalfund, vorfund og haustfund á þessu ári.

Skemmtinefndin okkar hefur verið öflug og stóð fyrir skemmtikvöldi í heimahúsi 28.október í tilefni þess að félagið okkar varð 105 ára þann 27.október. Skellt var í Pálínuboð og fengum við eina félagskonu sem er förðunarfræðingur til að leiðbeina okkur um förðun og fengum góð ráð við ýmsum áskorunum í förðun.

Fimmtudaginn 24.nóvember síðastliðinn stóð skemmtinefndin fyrir aðventuferð þar sem við fengum leiðsögn um nýjan miðbæ Selfoss, kiktum í búðir og fórum saman út að borða. Vel heppnuð ferð í skemmtilegum félagsskap.

Allar konur eru velkomnar í kvenfélagið. Ef kona hefur áhuga á að heyra meira um starfið eða koma á fund þá er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið

kvvillingaholtshrepps@gmail.com eða hafa samband við formann í síma 847-3687 (Ósk).

Að lokum sendum við ykkur öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Megi hátíðin verða ykkur gleðileg og hamingjurík.

Jólaakveðja, stjórnin



RÓSEY EHF

Ægisíðu 4, Hellu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háprýsti- og lágprýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótora og tjakka.

Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.

Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rosey@rosey.is - (þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

Þjótandahúfur

Minum á að enn er hægt að panta Þjótandahúfu. Allir nemendur Flóaskóla hafa þegar fengið afhenta húfu. Börn á leikskólaaldri geta fengið ókeypis húfu, en foreldrar þurfa þá að setja sig í samband við Fanneyju eða Oddnýju Ásu á netföngin fanneyo80@gmail.com eða oddnysa@floaskoli.is, eða með skilaboðum eða símtali.

16 ára og eldri geta fengið keypta húfu á afar góðu verði, eða kr. 1.000, og eru Fanney og Oddný Ása söluaðilar, tilvalið í jólapakkann. 😊



Jólafundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Jólafundur kvenfélagsins verður haldinn hjá henni Hafsteinu í Rimum 9, miðvikudaginn 14. desember n.k. kl 20:00. Munum eftir bakkelsi í Pálínuboðið og pakka fyrir pakkaleikinn.



Dagskrá mánaðarins

Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju	4. desember
Glímuæfingar í Félagslundi	5. desember
Æfingar í Þingborg	6. desember
Glímuæfingar í Félagslundi	12. desember
Æfingar í Þingborg	13. desember
Jólafundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	14. desember
Jólabingó í Þjósárverri	15. desember
Glímuæfingar í Félagslundi	19. desember
Æfingar í Þingborg	20. desember
Skötuveisla í Þingborg	23. desember
Jólasveinar á ferð	23.-24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	26. desember
Jólaball Kvenfélaganna í Félagslundi	28. desember
Félagsvist í Félagslundi	28. desember

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári, með þökk fyrir árið sem er að líða.

